

Skýrsla um störf stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 2020-2021

Aðalmenn

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, formaður

Jóhanna Magnúsdóttir, gjaldkeri

Sigríður Rún Tryggvadóttir, ritari

Eva Björk Jónudóttir, meðstjórnandi

Hjalti Bergsson, meðstjórnandi

Varmenn

Brynhildur Bertha Garðarsdóttir

Halla Dröfn Þorsteinsdóttir

Á síðasta aðalfundi kom Hjalti Bergsson inn sem varamaður í stað Hönnu Lísu Vilhelmsdóttur.

Fulltrúi foreldra í fræðslunefnd: Í nýju sameinuðu sveitarfélagi er einn fenginn úr einu foreldrafélagi fyrir hönd allra hinna.

Fulltrúar foreldra í skólaráði: Hanna Christel Sigurkarlsdóttir

Fulltrúi foreldra í heilsuefandi skóla: Eva Björk Jónudóttir

Vegna heimsfaraldurs og aurskriða voru fundir stopulir á þessu skólaári. Haldnir voru fundir:

- 01: 8. september 2020
- 02: 9. desember 2020
- 03: 25. janúar 2021
- 04: 8. mars 2021
- 05: 19. apríl 2021

Helstu verkefni vetrarins voru:

Félagsgjöld: Líkt og undanfarin ár er starfsemi foreldrafélagsins fjármögnuð með félagsgjöldum og voru rukkanir sendar á hvert heimili í nóvember. Upphæðin hélst óbreytt á milli ára eða 2500 kr..

Starfsáætlun: Foreldrafélagið uppfærði starfsáætlun fyrir veturinn 2020-2021 í upphafi skólaárs. Í áætluninni var tilgreint allt fundarhald sem félagið þarf að manna, viðburðir á vegum félagsins og helstu verkefni. En vegna Covid-19 féllu viðburðir niður, kynning fór ekki fram í upphafi skólaárs eins og hefð er fyrir og miklar hömlur voru á starfi foreldrafélagsins.

Tenglastarf: Sendur var tölvupóstur á alla foreldra í upphafi skólaárs og þeir minntir á mikilvægi virkni foreldra í skólafarfinu og skert á hlutverki tengla auk þess sem vísað var í heimasíður með frekari upplýsingar og útlistaður hugmyndabanki fyrir bekkjarhitting. Við viljum halda áfram að virkja tenglastarfið. Þó er ljóst að heimsfaraldurinn hafi haldið nánast öllu tenglastarfi á þessu skólaári í hálfgerðri spennutreyju og lítið sem ekkert tenglastarf í gangi í vetur.

Húsnæðismál skólans: Sent var erindi fyrir hönd foreldrafélagsins til sveitarstjórnar, byggðarráðs og fjölskylduráðs Múlapings og skorað á ný sameinað sveitarfélag að setja byggingu húsnæðis Seyðisfjarðarskóla á áætlun.

Erindinu var svarað svohljóðandi:

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðarráð Múlaþings tekur undir með foreldraráði grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla og beinir því til sveitarstjórnar að horft verði til varanlegra lausna við ákvarðanatöku varðandi framtíðarskipulag og fjárfestingar er tengjast grunnskóla starfsemi á Seyðisfirði.

Byggðarráð samþykkir að taka málið aftur fyrir þegar vinna á vegum umhverfis- og framkvæmdaráðs og fræðslustjóra um bráðavanda Seyðisfjarðarskóla liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Fræðsla: Fyrirhugað var að fá Vöndu aftur í haust með verkfærakistuna sem er áframhald á fyrirlestrinum hennar en ekkert varð úr því vegna covid.

Örnámskeið: Eva Björk Jónudóttir reið á vaðið með hreyfismiðju. Boðið var upp á hreyfismiðju fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og foreldra þeirra. Settar voru upp samvinnustöðvar þar sem barn og foreldri áttu að vinna saman við að leysa æfingu/þraut. Ágæt mæting og smiðjan kom mjög vel út. Stefnt var á að halda aftur, fyrir yngri nemendur, en ekkert varð af því m.a. vegna covid.

Hrekkjavökuball/ Myrkraball: Ballið var í fullum undirbúningi en hætt við á síðustu stundu vegna aukinna smita í landinu og hertra samkomutakmarkana í kjölfarið.

Grikk eða gott: Féll líka niður af sömu ástæðum.

Jóla-kósý með Listadeild: ekkert jólakósý í þetta sinn vegna covid.

Páskakanínan 2021: Rétt slapp til áður en samkomutakmarkanir voru settar á enn eina ferðina. Páskakanínan er árlegur viðburður sem foreldrafélagið tekur þátt í í samstarfi við kirkjuna og félagsmiðstöðina. Um er að ræða ratleik fyrir 5-10. Bekk þar sem reynir á jákvæðni og samvinnu. Leikurinn fer fram um allan bæ og fyrirtæki og fólk í samfélaginu virkjað í þrautum og verkefnum fyrir liðin.

Vorverkadagur: Ekki er búið að festa niður dag en er áætlaður í lok maí eða byrjun júní þegar veður er gott.

Tillögur að verkefnum:

- Útikennslustofa: Skólastjóri hefur lagt til að tekinn verður skurkur þar
- Laga gras í kringum aparólu
- Sólveigartorg: gera fint
- Uppgræðsla á afmörkuðu svæði eftir skriður

Stjórnin þakkar foreldrum, börnum, kennurum, starfsfólki og skólastjórnendum í Seyðisfjarðarskóla fyrir þennan starfsvetur. Við horfum björtum augum fram á veginn.

F.h. stjórnar Foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir,

Seyðisfirði 9. maí 2021